

Annar fundur Delta- deildar starfsárið 2015-2016 var haldinn 12. nóvember í Húsafelli og hófst hann kl. 18.00.

Fundurinn var haldinn á Hótel Húsafelli sem opnað var s.l. sumar. Edda Arinbjarnardóttir verkefnastjóri Saga jarðvangs eða SAGA GEOPARK í uppsveitum Borgarfjarðar tók á móti okkur. Greindi hún frá aðdraganda að stofnun jarðvangsins. Sagði hún að einkennandi fyrir jarðvangssvæði er stórbrotnin jarðsaga og tengsl hennar við sögu og menningu svæðisins. Markmið jarðvangsins er að gera þessu góð skil með fræðslu og kynningum, m.a. gerð gönguleiða um markverða stað og uppsetningu vandaðra fræðsluskilta. Einng er hans hlutverk m.a. að vernda, bæta viðhorf og auka þekkingu fólks á jarðminjum. Mikil áhersla er lögð á fornleifar, sagnfræði, menningu, vistfræði og lífríki svæðisins. Saga jarðvangur er í innsveitum Borgarbyggðar á Vesturlandi um 2.270 km² að stærð. Markmið jarðvangsins er að sækja um inngöngu í UNESCO Evrópsku jarðvangssamtökin. Að loknu þessum skemmtilega fyrirlestri hjá Eddu setti Theodóra fundinn og Dagný kveikti á kertunum.

Theodóra bar kveðjur frá konum og gerði nafnakall. Sjöfn las fundargerð síðastar fundar og var hún samþykkt með einni breytingu.

Næst á dagskrá var Orð til umhugsunar, sem Inga Stefánsdóttir flutti. Sagði hún okkur frá áhyggjum sínum af kvíða barna. Hún sagði að við værum tilbúin að verja þau fyrir öllum erfiðleikum sem væri ekki gott því lífið er ein óvissa og þau þurfa ða læra að glíma við hlutina. Við þurfum að kenna þeim að horfast í augu við að óvissan er góð og það er í lagi að finna til, stundum eru verkefnin, skólinn og lífið erfið viðureignar en við munum sigra að lokum.

Theodóra formaður minnti okkur á heimsókn til Kappa kvenna 24. febrúar en það verður bókafundur.

Happdrættið var á sínum stað og hreppti Sjöfn vinninginn að þessu sinni.

Því næst sleit Theodóra fundi og Edda bauð konum að skoða hótelið. Á neðri hæð er saga Húsafellsættarinnar rakin í máli og myndum, höggmyndir eftir Pál listamann frá Húsafelli prýða veggj hótelsins. Hönnun þess er virkilega falleg og leitast var við að hótelið falli vel inn í umhverfið. Að lokinni yfirferð um hótelið snæddum við þriggja rétta kvöldverð á veitingastað hótelsins, sem er einstaklega notalegur og matur og þjónusta til fyrirmyndar.

Fundarritari

Sjöfn Guðlaug Vilhjámsdóttir.

Ps. Sat hluta af fundinum